Endurskoðað af menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd 15. apríl 2026

Reglugerð um kjör Íþróttamanns Hveragerðis

1.gr

Menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd skal í umboði bæjarstjórnar Hveragerðis standa að kjöri og útnefningu Íþróttamanns Hveragerðis í kringum áramót ár hvert.

2.gr

Íþróttamaður Hveragerðis getur sá orðið sem er íslenskur ríkisborgari, hefur lögheimili í Hveragerði og hefur náð 16 ára aldri á því ári sem tilnefnt er fyrir. Erlendur ríkisborgari sem hefur samkvæmt Þjóðskrá haft lögheimili á Íslandi samfellt í þrjú ár (búsetuvottorð frá Þjóðskrá) telst ekki sem erlendur íþróttamaður og er gjaldgengur í kjörið.

3. gr

Heimilt er hverju íþróttafélagi í Hveragerði eða einstökum deildum innan þess að senda inn tvær tilnefningar um íþróttamenn af báðum kynjum fyrir 1. desember.

Menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd er einnig heimilt að tilnefna afreksmenn. Þegar skilað er inn tilnefningum skulu deildir/íþróttafélög skila inn greinargerð um viðkomandi íþróttamann. Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek / keppni erlendis á árinu (félag /landslið) í unglinga- eða fullorðinsflokki:

- Afrek / keppni á Íslandi í unglinga- eða fullorðinsflokki:

- Afrek / keppni í Hveragerði í unglinga- eða fullorðinsflokki:

- Umsögn um íþóttamanninn – afrek, karakter, stefna, o.s.frv.

4. gr

Menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd hefur heimild til að tilnefna íþróttamenn úr Hveragerði sem hafa skráða búsetu erlendis og stunda íþrótt sína utan bæjarmarkanna. Allar tillögur skulu ítarlega rökstuddar.

5.gr

Menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd mun auglýsa eftir tilnefningum frá íþróttafélögum í Hveragerði, en einnig skal almenningi gefinn kostur á að tilnefna íþróttamann ársins. Með tilnefningu skal fylgja greinargerð um árangur og rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi.

6. gr

Viðurkenningu fyrir sæmdarheitið Íþróttamaður Hveragerðis skal afhenda í árlegu hófi bæjarstjórnar Hveragerðis og menningar-, atvinnu- og markaðsnefndar Hveragerðis.

7. gr

Þeir íþróttamenn í Hveragerði sem unnið hafa Íslandsmeistaratitil, Evrópumeistaratitil, heimsmeistaratitil eða verið í landsliðum á árinu skulu heiðraðir sérstaklega.

8. gr

Reglugerð þessi tekur gildi við samþykkt bæjarstjórnar og skal hún endurskoðuð ár hvert.

Endurskoðað af menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd 15. apríl 2026.